

Fimmtudaginn 23. febrúar 1995.

Nr. 372/1992.

Egmont Film A/S

(Sigurður Georgsson hrl.)

gegn

Laugarásbíói

(Hákon Árnason hrl.)

Samningar. Einkaréttindi. Fívíti. Aðild. Fyrning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 24. september 1992. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 421.500 danskar krónur með tilgreindum dráttarvöxtum frá 3. febrúar 1986 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Málavöxtum er lýst í héraðsdómi. Eins og þar greinir, fékk stefndi með samningi við hlutafélagið Panorama Film í Danmörku 15. september 1982 „einkarétt til allra myndbandaréttinda Panorama til útleigu myndbandaspóla ... á Íslandi“. Stefndi fékk frummyndbönd frá félaginu og hafði heimild til að fjölfalda hvert þeirra í allt að 40 eintökum. Fast leyfisgjald fyrir hverja frumgerð myndar var 600 Bandaríkjadalir. Leyfistími hvers myndbands var tvö ár og þrír mánuðir, og skyldi stefndi skila frummyndböndunum að þeim tíma liðnum. Þá átti stefndi og að sjá til þess samkvæmt 7. gr. samningsins, að öllum útleigðum myndböndum yrði skilað til hans, og myndi Panorama Film tilkynna honum, hvort þau ætti að ónýta. Í því tilviki átti stefndi að senda viðsemjanda sínum yfirlýsingu um eyðinguna, sem staðfest væri af opinberu stjórnvaldi. Þá átti stefndi að sækja bætur samkvæmt 13. gr. úr hendi leigutaka sinna vegna þeirra myndbanda, sem ekki væri skilað, og skyldi hann senda Panorama

Film þær að frádregnu 25% umönnunargjaldi. Í 13. gr. var kveðið á um fjárhæð bóta fyrir hvert glatað myndband. Réðst hún af því annars vegar, hvort myndbandi hefði verið skilað skemmdu, og hins vegar, hvort hvarf myndbandsins hefði verið kært til lögreglu, en um slíka kæru átti Panorama Film þá að setja fram ósk. Bótafjárhæðin var 250 danskar krónur fyrir hvert myndband í þessum tilvikum, en 500 danskar krónur, ef hvarf myndbands var ekki kært.

II.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð útskrift frá Erhvervs- og Selskabsstyrelsen, sem starfar á vegum iðnaðarráðuneytisins í Kaupmannahöfn, þar sem fram koma ýtarlegri upplýsingar um firmaskráningu áfrýjanda en fyrir lágu í héraði. Þar greinir frá því, að hlutafélagið Panorama Film var stofnað 26. júní 1967. Nafni þess var breytt árið 1988 í Egmont Film A/S, nafn áfrýjanda. Af skráningarskjölum verður ekki séð, að önnur breyting hafi þá eða síðar orðið á lögteiknum hins upphaflega félags. Áfrýjandi hefur í útskriftinni sama skráningarnúmer og Panorama Film hafði. Undir núverandi heiti áfrýjanda er jafnframt vísað til stofndagsins 1967. Er áfrýjandi réttur aðili þessa máls.

III.

Aðilar eru sammála um, að samningsbundinn réttur stefnda til útleigu þeirra myndbanda, sem hann veitti viðtöku frá áfrýjanda, hafi að fullu verið á enda runninn 1. júní 1985. Með símbréfi 9. september sama ár gerði áfrýjandi stefnda tilboð um eins árs framlengingu heimildar til útleigu myndbanda gegn viðbótargjaldi. Í tilboðinu var sagt, að óskaði stefndi ekki að gera nýjan samning, myndi áfrýjandi „fara eftir samningnum frá 15. september 1982, 7. gr. og 13. gr.“. Stefndi hafnaði þessu tilboði með bréfi 24. september 1985. Þar fór hann þess jafnframt á leit við áfrýjanda, að hann félli frá kröfum sínum á grundvelli hinna tilvitnuðu samningsákvæða. Ekki gekk saman með aðilum, og var mál þetta höfðað með birtingu stefnu 6. september 1989.

Hinn umdeildi samningur er í eðli sínu leigusamningur um réttindi, og aðalkrafa áfrýjanda samkvæmt honum er um tiltekið leyfisgjald fyrir hverja frumgerð myndar. Kröfur áfrýjanda í þessu máli

eru samningsbundnar bóta- og févítiskröfur. Þær fynrast á fjórum árum eins og aðalkrafan um leyfisgjald, sbr. 1. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda. Í framangreindu bréfi stefnda til áfrýjanda 24. september 1985 fólst tvímælalaus viðurkenning á tilvist févítiskröfunnar. Þar sem mál þetta var höfðað innan fjögurra ára frá dagsetningu þessa bréfs, eru kröfur áfrýjanda eigi fyrndar.

IV.

Í umræddum samningi var ekki gert ráð fyrir því, að stefndi skilaði áfrýjanda öðrum myndböndum en frumgerðinni. Er ekki ágreiningur um, að það hafi hann jafnan gert. Þá er óumdeilt, að stefndi átti sjálfur þær spólur, sem fjölfaldað var á. Samningsákvæði um skil leigutaka á myndböndum til stefnda sjálfs verður að skilja svo, að með þeim hafi átt að tryggja það, að myndböndin væru ekki í útleigu eða annarri umferð eftir lok leyfistímans. Í fram lögðum yfirlýsingum Bergvíkur sf. og Texta hf. frá árinu 1986 segir, að á 777 eintök myndbanda með efni frá áfrýjanda hafi verið endurfaldað fyrir stefnda annað efni á árinu 1985, en áfrýjandi gerir kröfu til bóta vegna 823 myndbanda. Ekki er fram komið, að hvarf þeirra hafi verið kært til lögreglu. Fyrirsvarsmenn þessara félaga staðfestu yfirlýsingar sínar fyrir dómi, en gátu ekki gefið nákvæmar upplýsingar um myndböndin. Stefndi hefur ekki lagt fram skrá um þau myndbönd með efni frá áfrýjanda, sem hann lét endurfalda yfir. Gegn neitun áfrýjanda er ósannað, að um hafi verið að ræða þau myndbönd frá honum, er samningur aðila frá 1982 tók til. Þá hefur stefndi ekki með öðrum hætti sýnt fram á, að hann hafi heimt hin umdeildu myndbönd frá leigutökum þeirra.

Samkvæmt framansögðu þykir áfrýjandi eiga rétt til fégreiðslu úr hendi stefnda á grundvelli samningsins frá 15. september 1982. Við ákvörðun hennar verður að líta til þess, að langur tími er liðinn frá því, að skiptum aðila lauk. Ótvírætt er, að verðgildi myndbandanna til útleigu á myndbandamarkaði hér á landi er nú allt annað og minna en það var á gildistíma samningsins og fráleitt í nokkru samræmi við févítisákvæði hans. Áfrýjandi hefur ekki heldur sýnt fram á, að hann hafi orðið fyrir nokkru tjóni vegna háttsemi stefnda. Þá þykir og rétt að hafa í huga, að samkvæmt 7. gr. samningsins átti

áfrýjandi aldrei að fá óskertar bætur, sem innheimtar yrðu, heldur skyldi stefndi halda fjórðungi þeirra vegna svonefndrar umönnunar. Það er því bersýnilega ósanngjarnt að beita févítisákvæði samningsins óskorað. Með hliðsjón af 35. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, eins og hún var við samningsgerð aðila, og nógildandi 36. gr. laganna, sbr. lög nr. 11/1986, þykir hæfilegt, að stefndi gjaldi áfrýjanda 82.300 danskar krónur. Skal sú fjárhæð bera meðaltalsvexti á innlendum gjaldeyrisreikningum í dönskum krónum og dráttarvexti, eins og nánar greinir í dómsorði.

Rétt þykir, að stefndi greiði áfrýjanda 300.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Laugarásbíó, greiði áfrýjanda, Egmont Film A/S, 82.300 danskar krónur með eftirgreindum ársvöxtum: 8,8% frá 3. febrúar 1986 til 21. sama mánaðar, 8,7% frá þeim degi til 1. mars sama ár, 8% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 7,6% frá þeim degi til 1. apríl sama ár, 7,3% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 7,1% frá þeim degi til 21. maí sama ár, 7% frá þeim degi til 1. júní sama ár, 6,7% frá þeim degi til 11. júlí sama ár, 6,6% frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, 7,1% frá þeim degi til 1. september sama ár, 7,3% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 7,6% frá þeim degi til 1. október sama ár, 8,2% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 8,4% frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 8,5% frá þeim degi til 1. desember sama ár, 8,6% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 8,7% frá þeim degi til 11. janúar 1987, 8,6% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 9% frá þeim degi til 1. febrúar sama ár, 9,1% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 9,2% frá þeim degi til 1. mars sama ár, 9,3% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 9,5% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 9,6% frá þeim degi til 11. apríl sama ár, 9,7% frá þeim degi til 1. maí sama ár, 9,6% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 9,4% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 9,2% frá

þeim degi til 21. júní sama ár, 8,9% frá þeim degi til 1. júlí sama ár, 8,7% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 8,6% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 8,7% frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, 8,8% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 9,4% frá þeim degi til 21. september sama ár, 9,3% frá þeim degi til 1. október sama ár, 9,1% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 8,8% frá þeim degi til 21. nóvember sama ár, 8,9% frá þeim degi til 21. desember sama ár, 8,8% frá þeim degi til 21. janúar 1988, 8,1% frá þeim degi til 21. febrúar sama ár, 8% frá þeim degi til 21. apríl sama ár, 8,3% frá þeim degi til 21. maí sama ár, 8,4% frá þeim degi til 21. júní sama ár, 7,8% frá þeim degi til 21. ágúst sama ár, 7,7% frá þeim degi til 21. október sama ár, 7,2% frá þeim degi til 21. nóvember sama ár, 7,1% frá þeim degi til 21. desember sama ár, 7% frá þeim degi til 21. janúar 1989, 6,9% frá þeim degi til 21. apríl sama ár, 7,2% frá þeim degi til 21. maí sama ár, 7,8% frá þeim degi til 21. júní sama ár, 8,2% frá þeim degi til 21. ágúst sama ár og 8,1% frá þeim degi til þingfestingardags 12. september 1989, en með dráttarvöxtum samkvæmt 11. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Heimilt er að leggja vexti við höfuðstól, í fyrsta skipti 12. september 1990.

Stefndi greiði áfrýjanda 300.000 krónur í málskostnað í hér-
aði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. júní 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. maí sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 6. september 1989, af Egmont Film A/S, Dortevej 71, Kaupmannahöfn, Danmörku, gegn Laugarásbíói, kt. 420269-1539, Hrafn-
istu, Brúnavegi.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda danskar krónur 411.500 með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda

og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda, sem beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Málavextir.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo, að með samningi, dags. 15. september 1982, hafi stefnandi látið stefnda í té einkarétt á öllum myndbandaréttindum stefnanda til útleigu á íslensku yfirráðasvæði. Samkvæmt 4. gr. samningsins hafi réttur stefnda til útleigu verið miðaður við tvö ár og þrjá mánuði frá eindaga greiðslu fyrir hvert myndband, sbr. 3. gr. samningsins.

Samkvæmt 7. gr. samningsins hafi stefnda borið, er leyfi hvers myndbands rann út, að sjá til þess, að öllum myndböndum væri skilað til stefnanda. Væri myndbandi ekki skilað til stefnanda, skyldi greiða honum skaðabætur. Samkvæmt 13. gr. samningsins séu skaðabætur fyrir horfin myndbönd, sem ekki hafi verið kærð stolin, ákveðnar Dkr. 500,00 fyrir hvert myndband. Fyrir myndbönd, sem kærð hafi verið stolin, eða skemmd myndbönd, sem skilað er, skuli greiða Dkr. 250,00 sem eingreiðslu.

Samkvæmt 17. gr. samningsins skyldi ágreiningur, ef upp kæmi, lagður í gerð og endanlega og á bindandi hátt útljáður með gerðardómi.

Stefnandi hafi sent stefnda myndbönd til útleigu á samningstímabilinu. Með telexskeyti, dags. 9. september 1985, hafi stefnandi tilkynnt stefnda, að hann gæti boðið framlengingu á 48 titlum í eitt ár til viðbótar gegn greiðslu USD 300 fyrir hvern titil. Samkvæmt tilboðinu hafi stefndi átt þess kost að halda myndböndunum eftir lok leyfistímans. Tilboðið hafi staðið í 14 daga, og í því hafi einnig verið ákvæði þess efnis, að sæi stefndi sér ekki fært að gera nýjan samning, yrðu skil myndbandanna gerð upp með hliðsjón af 7. gr. og 13. gr. samnings aðila, dags. 15. september 1982. Stefndi hafi ekki fallist á tilboð stefnanda, og hafi stefnandi þá með bréfi, dags. 1. október 1985, tilkynnt stefnda, að samkvæmt gildandi samningi ætti hann að skila myndböndunum, en að öðrum kosti yrði hann krafinn um bætur, eins og greini í samningnum.

Með bréfi, dags. 4. desember 1985, hafi stefnandi tilkynnt stefnda, að 1169 myndbönd vantaði upp á, að stefndi hefði skilað öllum myndböndunum, er fengin voru á leigu. Stefndi hafi skilað 379 myndböndum, og auk þess hafi 346 myndbönd verið eyðilögð af upphaflega leigðum 1548 myndböndum. Vanti því enn 823 myndbönd á, að stefndi hafi efnt skilaskyldu sína við stefnanda.

Hinn 3. janúar 1986 hafi stefnandi gert stefnda reikning fyrir 1169 myndbönd, en sá reikningur hafi nú verið lækkaður í andvirði 823 myndbanda, Dkr. 411.500, sem eru stefnufjárhæð máls þessa.

Með bréfi, dags. 31. janúar 1986, hafi Sören Lund Rasmussen lögmaður vegna lögfræðifirma Ole Olsen tekið kröfu stefnanda til innheimtu. Þegar hér var komið sögu, hafi bréfaskipti hafist milli lögmanns stefnda, Gunnars Guðmundssonar hdl., og hins danska lögmanns stefnanda, þar sem stefndi hafði gert kröfu um, að gerðardómur skæri úr ágreiningi aðila, svo sem ráð sé fyrir gert í 17. gr. samningsins.

Stefndi hafi leitað til lögfræðifirmans Viltøft og Høberg-Petersen sér til fulltingis við gerðardómsmeðferðina, en þeim viðskiptum hafi lokið svo, að Bjørn Høberg-Petersen hafi sagt upp viðskiptum við stefnda og lögmann hans. Stefndi hafi ekki fullnægt því skilyrði samningsins að tilnefna mann í gerðardóm, og þess vegna hafi gerðardómur aldrei orðið starfshæfur. Stefndi hafi á hinn bóginn gengið frá sínum málatilbúnaði. Eftir enn ítrekaðar árangurslausar tilraunir stefnanda til þess að fá stefnda til þess að efna sinn hluta samningsins hafi hinn danski lögmaður leitað til lögmanns stefnanda og falið honum málið.

-- --

Niðurstaða.

Af hálfu stefnda var í greinargerð gerð krafa um frávísun máls þessa. Var sú krafa m. a. studd því, að samningar væru allir á milli Laugarásbíós og Panorama Film A/S og að í sóknargögnum væri enga lýsingu að finna á stöðu stefnanda, Egmont Film A/S, í þessu máli eða um það, hvernig stefndi hefði öðlast þau réttindi, sem um er krafið í málinu.

Í þinghaldi 28. mars 1990 féll stefndi frá kröfu sinni um frávísun málsins, en ekki verður litið svo á, að stefndi hafi þar með fallið frá fyrrgreindri málsástæðu, enda var að henni vikið í munnlegum málflutningi til stuðnings sýknukröfu og á það bent, að fram lögð gögn skýri ekki breytta aðild að umstefndri kröfu. Þá leiða varnir studdar aðildarskorti til sýknu, ef þær metast á rökum reistar, sbr. 2. mgr. 45. gr. laga nr. 85/1936.

Samkvæmt fram lögðu endurriti úr bærjarþingsbók Kaupmannahafnar kom þar fyrir dóm vitnið Johnny Johansen og lýsti yfir, að hann hefði verið framkvæmdastjóri í Panorama Film A/S frá því í maí 1982 fram til ágúst 1987. Fyrst í stað hefði hann verið forstjóri vídeófyrirtækis, en síðan orðið framkvæmdastjóri í Panorama Film í ágúst 1984. Bar hann, að fyrirtækið hefði verið í eigu Just Betzer þangað til í maí 1985, en þá hefði hann selt það norsku fyrirtæki, sem síðan hefði runnið saman við annað norskt fyrirtæki og síðan verið selt til Egmont Film A/S, sem sé hluti af Gutenberghus-samstæðunni.

Þá bar vitnið Mogens Betzer fyrrverandi starfsmaður Panorama Film, m. a. fyrir dómi, að fyrirtækið hefði upphaflega verið eign bróður síns.

Staðfesti hann, að hann ætti sjálfur ekki neinn hluta í hinni umdeildu kröfu. Hún væri eingöngu eign félagsins (nú Egmont Film A/S).

Samningur sá, sem stefnandi reisir á kröfur sínar í málinu, var gerður 15. september 1982 milli A/S Panorama Film og Laugarásbíós. Samkvæmt fyrrgreindum vitnisburði var Panorama A/S í eigu tveggja aðila, áður en stefnandi keypti fyrirtækið. Af gögnum máls og framburði vitna verður ekki ráðið, að stefnandi hafi tekið við réttindum og skyldum Panorama Film A/S eða að umdeild krafa hafi verið framseld stefnanda.

Gegn andmælum stefnda þykir stefnandi því ekki hafa sýnt fram á, að hann sé réttur aðili máls þessa, og ber því þegar af þeim sökum að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber stefnanda að greiða stefnda málskostnað, sem ákveðst 400.000 kr.

Kristjana Jónsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Laugarásbíó, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Egmont Film A/S.

Stefnandi, Egmont Film A/S, greiði stefnda, Laugarásbíói, 400.000 kr. í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
